



25. mars 2010
SI-61879

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 10. mars 2010, óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldeyrismálum, Þskj. 186 – 167. mál. Óskað var eftir umsögn bankans fyrir 1. apríl.

Eins og kemur fram í greinargerð með þingsályktuninni er mikilvægt að fram fari ítarleg og vönduð greining á þeim kostum sem Íslendingar standa frammi fyrir í gjaldeyrismálum og að kostir og gallar þeirra verði kannaðir.

Seðlabanki Íslands hefur hafið vinnu við slíka úttekt, sem áætlað er að verði í meginatriðum tilbúin á fyrri hluta næsta árs. Þar er ætlunin að fjalla um kosti og galla aðildar að myntbandalagi Evrópu (EMU) og annarra kosta í gjaldeyrismálum, m.a. áframhald á núverandi stefnu verðbólguþröngun og mögulegum lagfæringum á þeirri stefnu, einhliða upptöku annars gjaldmiðils, myntráð eða annarra afbrigða fastgengisstefnu. Leitast verður við að draga fram sem flesta kosti og galla og mismunandi sjónarmið.


Í úttektinni verður bæði fjallað um reynsluna af EMU og reynslu Íslendinga utan þess. Fjallað verður um uppbyggingu íslensks atvinnulífs og samlögun við atvinnulíf EMU-landa, þ.m.t. samhverfni hinnar íslensku og evrópsku hagsveiflu og mögulegum áhrifum EMU-aðildar á hana. Fjallað verður um hugsanlegan rekstrarhagfræðilegan ávinning aðildar að myntbandalaginu, m.a. áhrif sameiginlegs gjaldmiðils á utanríkisviðskipti Íslendinga. Þá verður fjallað um þjóðhagfræðilega kosti og galla aðildar, m.a. vegna brotthvarfs sjálfstæðrar peningastefnu, sem mætti nota til að mýkja áhrif sértækra íslenskra efnahagsáfalla. Einnig verður fjallað um mögulegan þjóðhagfræðilegan kostnað sjálfstæðs gjaldmiðils, þ.e.a.s. að gengisbreytingar geti verið uppspretta hagsveifla í stað þess að draga úr þeim. Einnig verður fjallað um mismunandi sjónarmið varðandi fjármálalegan stöðugleika innan og utan myntbandalagsins og aðlögun íslensks þjóðarbúskapar í aðdraganda aðildar að myntbandalaginu. Að lokum verður fjallað um nauðsynlega aðlögun innlendrar stofnanauppbyggingar, verði af aðild að myntbandalaginu.


Að úttektinni munu koma fjöldi sérfræðinga innan Seðlabankans. Jafnframt hefur verið leitað samstarfs við erlenda sérfræðinga, auk þess sem niðurstöður rannsókna innlendra og erlendra sérfræðinga nýtast við gerð hennar. Í þessu sambandi má t.d. nefna rannsókn sem hafin er í samstarfi við Andrew K. Rose, frá Berkeley-háskóla í Bandaríkjunum, og Francis Breedon, frá Imperial College í Bretlandi, á valkostum í gjaldeyrismálum fyrir mjög lítil opin hagkerfi og samanburðarrannsókn innan Seðlabankans á áhrifum núverandi fjármálakreppu á lönd innan og utan myntbandalagsins sem kynnt verður á alþjóðlegri ráðstefnu í Slóvakíu seinna á þessu ári. Innan Seðlabankans hefur einnig verið unnið að rannsóknum á áhrifum aðildar að myntbandalaginu á utanríkisviðskipti Íslendinga og gengissveiflum sem ekki er hægt að rekja til efnahagslegra grunnþátta. Niðurstöður þessara rannsókna verða nýttar í þessari úttekt.

Seðlabanki Íslands lítur það jákvæðum augum að fleiri aðilar geri úttektir á kostum og göllum mismunandi fyrirkomulags í gjaldeyrismálum. Hann leggst því ekki gegn þeirri úttekt sem lögð er til í þingsályktunartillögunni. Gera verður ráð fyrir að Alþingi og ríkisstjórn móti verkinu kostnaðarramma ef af verður en ýmsir erlendir sérfræðingar geta verið þungir á fóðrunum. Rétt er að hafa í huga í því sambandi að mjög ólíkar skoðanir eru meðal hagfræðinga í heiminum á kostum og göllum gjaldmiðlabandalaga og mismunandi stefna í gjaldeyrismálum. Því gæti verið heppilegt að leita til breiðs hóps sérfræðinga með mismunandi skoðanir í stað „valinna sérfræðinga.“ Þannig má tryggja að öll sjónarmið komi fram. Seðlabankinn er tilbúinn til að aðstoða við að finna sérfræðinga í verkið ef til þess kemur en sérfræðingar bankans þekkja vel til þeirra sem virkir eru á þessum vettvangi.

Virðingarfyllt

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur